

Sp.

413. Tillaga til þingsályktunar

[180. mál]

um að auka rækjuveiðar.

Flm.: Þorsteinn Gíslason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju og þá sérstaklega eins og það gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði.

Greinargerð.

Er menn tóku að stunda grálúðuveiðar á s.l. ári, kom í ljós, að einnig var rækju að finna á 200—300 faðma dýpi í landgrunnskantinum út af Norður- og Austurlandi.

Sú litla könnun, sem gerð var s.l. haust á þessum rækjumiðum, leiddi í ljós, að ætla má, að þarna geti verið um verulegt magn að ræða.

Um langt árabíl hafa rækjuveiðar verið stundaðar inni á Vestfjörðum með allgóðum árangri. Þó hefur takmörkun gegn ofveiði háð þessum veiðum nokkuð.

Vegna þess að veiðarnar hafa verið stundaðar af litlum bátum á grunnu vatni og oft engum vandkvæðum bundið að veiða hið leyfilega magn, má ætla, að ýmsar nýjungar við veiðarnar, gerð veiðarfæra og í leitartækni hafi ekki verið teknar upp hér á landi.

Vinnsla rækju krefst ekki mikils búnaðar, hvorki við frystingu né niðursuðu, en hún þarf mikið vinnuafli.

Þarna virðist geta orðið verkefni fyrir marga af minni vélbátum okkar, en það hefur sýnt sig, að þeir geta stundað rækjuveiðar á þessum slóðum a. m. k. yfir sumarmánuðina.

Markaður fyrir rækju er mikill, og svo litill er hlutur okkar Íslendinga, að hann mun vart mælanlegur. Er álit manna, sem þekkja til, að veruleg framleiðsluaukning á þessari vöru ætti engin áhrif að hafa á sölumöguleika okkar. Í því sambandi má benda á, að síðustu árin hefur mjög farið vaxandi sala á rækju frá Ameríku til hinna ýmsu Evrópulanda.

Vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi hefur víða skapast alvarlegt ástand í atvinnumálum og sérstaklega gagnvart sumaravinnu skólafólks. Þetta hefur einkum bitnað nemendum, sem hafa orðið að sækja framhaldsmenntun fjarri heimilum sínum.

Við teljum, að einskis megi láta ófreistað til aukningar á þessum atvinnuvegi, sem þá um leið yki möguleikana á sumarvinnu fyrir æskufólkið. Og hlyti það þá þau uppeldisáhrif, sem það veitir að fá tækifæri til að vinna sem mest fyrir námi sínu og þurfa sem minnst að vera til þess kostað af opinberum sjóðum.

Þetta yrði einn liður í því, sem okkur er lífsnauðsyn að leggja áherzlu á í sjávarútvegi okkar í framtíðinni, en það er að reyna að veiða og vinna sem allra mest af dýrustu tegundum aflans.